



Dagur náttúrunnar 16. September 2024

Hvað gerðum við í tilefni dags náttúrunnar

Markmið.

Efla börnin í umhverfisvitund og sýna þeim hvernig nýta má náttúrulegan efnivið til að leika með. Leyfa börnunum að sleppa því að nota hefðbundið dót sem er til á leikskólanum og nýta aðeins náttúrulegan efnivið.

Framkvæmd.

Regnboginn fór í göngutúr í hverfinu í litlu skógrækt leikskólans sem nefnist hundraðekruskógur og söfnuðu þau saman þar: blómum, steinum, grösum, sveppum og mörgu fleira til að taka með aftur á leikskólann. Kennari á leikskólanum var búin að undirbúa sandleir sem var nýttur með samhliða náttúruleikefninu, einnig voru könglar og skeljar nýttar sem voru þegar til á leikskólanum líka. Leikskólalóðinni var skipt upp í nokkur svæði þar sem leikefnið var sett á öll svæðin og unni börnin sín mjög vel.

Niðurstöður.

Börnin unnu sér mjög vel í leik úti og voru ekkert mikið að hugsa um af hverju það væri ekki dót úti á svæðinu sem gefur til kynna að börnin þurfa ekki alltaf dót til þess að leika sér og nýta börnin þá betur ímyndunaraflið sitt. Einnig kom upp sú hugmynd hvort fleiri dagar ættu að vera dótalausir á skólaárinu.

Diljá Marín Jónsdóttir, hugmyndasmiður dagsins